

Fagráð í hrossarækt

117. fundur

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 21. febrúar 2024 og hófst kl. 15:30.

Mætt: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Mette Mannseth, Sveinn Ragnarsson, Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Erlendur Árnason. Ágúst Sigurðsson var fjarverandi. Friðrik Már Sigurðsson, fagstjóri í búfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sat fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjöldi og reglur um val kynbótahrossa á Landsmót 2024
2. Tilnefningar til Ræktunarbús ársins 2023
3. Önnur mál

Nanna Jónsdóttir, formaður fagráðs, bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stýrði honum.

1. Fjöldi og reglur um val kynbótahrossa á Landsmót 2024

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Friðriki Má Sigurðssyni, fagstjóra í búfjárrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, um þáttökufjölda og val kynbótahrossa á landsmót. Í minnisblaðinu er rekið hvaða forsendur hafa verið notaðar við val á kynbótahrossum til þátttöku á landsmótum frá árinu 2014 og bornir saman mismunandi valkostir við val á stöðulista kynbótahrossa fyrir Landsmót 2024.

Frá og með árinu 2016 hefur fjöldi kynbótahrossa á landsmótum verið takmarkaður og hætt var að nota einkunnalágmark í hverjum aldursflokki við val kynbótahrossa til þátttöku. Í staðinn var fjöldi hrossa í hverjum aldursflokki skilgreindur og þáttökuréttur hefur miðast við stöðulista við lok vorsýninga. Frá og með árinu 2018 hefur verið miðað við að 170 hross hafi þáttökurétt í einstaklingssýningum kynbótahrossa á landsmóti og hefur fjöldi á stöðulista í hverjum flokki verið sérstaklega skilgreindur.

Fagráð ákveður að 170 hross hafi þáttökurétt í einstaklingssýningum kynbótahrossa á Landsmóti 2024 þannig að viðhaldið sé þeim fjölda sem verið hefur frá árinu 2018. Einnig ákveður fagráð að viðhaldið verði þeim fjölda sem hafi þáttökurétt í hverjum flokki fyrir sig og nánar er tilgreindur í töflu 2. Ákvörðun fagráðs er í samræmi við skýrslu starfshóps um aðkomu kynbótahrossa að landsmótum og fyrirkomulag sýninga og skipaður var af stjórn Hrossabændadeildar Bændasamtaka Íslands. Í skýrslunni kemur m.a. fram að starfshópurinn sé á því að núverandi fyrirkomulag dóma og sýninga á landsmótum sé æskilegast og ekki megi draga úr fjölda hrossa né hlut kynbótahrossa í dagskrá mótanna. Skýrsla starfshópsins var á dagskrá 116. fundar fagráðs þann 24. janúar 2024.

Mismunandi aðferðir hafa verið notaðar við val hrossa á stöðulista til þátttöku á landsmótum frá árinu 2016. Fyrir landsmót árin 2016 og 2018 var útfærslan sú að um sætisröðun var að ræða inn á mót, þar sem 10 stigum var bætt við aðaleinkunn klárhrossa, en allhiðahross fóru í sætisröðun með aðaleinkunnina eins og hún kom fyrir. Árið 2020 ákvað fagráð að við val inn á landsmót væri farin sú leið að valið væri inn á stöðulista með þeim hætti að 75% hrossa í hverjum flokki væri valinn eftir aðaleinkunn og 25% hrossa eftir aðaleinkunn án skeiðs.

Í minnisblaði um þáttökufjölda og val kynbótahrossa á landsmót sem lá fyrir fundinum er tekinn saman fjöldi hrossa sem mætti til dóms á síðustu landsmótum, fjöldi þeirra hrossa sem hlutu einkunnina 5,0 fyrir skeið í dómi á landsmóti og hlutfall þeirra af heildarfjölda dæmdra hrossa. Í töflu 1 má sjá þróun hlutfalls klárhrossa (5,0 fyrir skeið) af heildarfjölda dæmdra hrossa á síðustu landsmótum.

	Fjöldi	klárhross	Hlutfall
2014	231	61	26%
2016	157	28	18%
2018	160	38	24%
2022	153	71	46%

Tafla 1. Hlutfall klárhrossa (5,0 fyrir skeið) af heildarfjölda dæmdra hrossa á síðustu landsmótum.

Líkt og kemur fram í töflu 1 þá verður mikil aukning á hlutfalli klárhrossa af heildarfjölda dæmdra hrossa á Landsmóti 2022. Tvær skýringar eru líklegar fyrir því, annars vegar sú að breytingar á vægi eiginleika árið 2020, s.s. hækkun á vægi fets og brokks og nýtt vægi á hægu stökki höfðu þau áhrif að klárhross standa betur að vígi hvað varðar aðaleinkunn en þau gerðu áður. Hins vegar sú að á sama tíma var farin sú leið að velja hross inn á landsmót eftir annars vegar aðaleinkunn (75%) og hins vegar aðaleinkunn án skeiðs (25%). Sé skoðað sögulega hvert hlutfall klárhrossa (5,0 fyrir skeið) væri af heildarfjölda kynbótahrossa á stöðulista við lok vorsýninga, ef eingöngu væri valið eftir aðaleinkunn, þá væri það hlutfall allt að 30% á árabílinu 2020-2023.

Fagráð ákveður að val kynbótahrossa á stöðulista fyrir Landsmót 2024 fari eftir aðaleinkunn og að þátttökufjöldi samkvæmt stöðulista í hverjum flokki verði eins og kemur fram í töflu 2.

Flokkur	Fjöldi
7 vetra og eldri hryssur	15
6 vetra hryssur	30
5 vetra hryssur	30
4 vetra hryssur	20
4 vetra hestar	20
5 vetra hestar	20
6 vetra hestar	20
7 vetra og eldri hestar	15
Samtals:	170

Tafla 2. Þátttökufjöldi í hverjum flokki á Landsmóti 2024

2. Tilnefningar til Ræktunarbús ársins 2023

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um að hrossaræktarúið Berg, Jón Bjarni Þorvarðarson, Anna Dóra Markúsdóttir og fjölskylda, hefði átt að vera meðal þeirra búa sem tilnefnd voru til Ræktunarbús ársins 2023. Fagráð harmar þessi leiðu mistök og biðst velvirðingar á þeim. Fagráð mun veita hrossaræktendum á Bergi viðurkenningu fyrir tilnefninguna og óskar þeim til hamingju með góðan árangur á árinu 2023.

3. Önnur mál

Fagráð ítrekar að óskað eftir samtali við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um rekstur kynbótasýninga og mótun hugmynda um þróun og breytingar á gjaldskrá kynbótasýninga. Fagráð ákvað á 116. fundi sínum að Erlendur Árnason og Kristbjörg Eyvindsdóttir tækju þátt í þessari vinnu fyrir hönd ráðsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:10.